

## Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 2019

### Fundargerð

Föstudaginn 15. mars 2019 kl. 15:00 var haldinn aðalfundur Sjóvár-Almennra trygginga hf. Fundurinn var haldinn í húsakynnum félagsins að Kringlunni 5, Reykjavík.

Dagskrá fundarins skv. 16. gr. samþykktu félagsins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga um lækun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
10. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.
11. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
12. Önnur mál löglega upp borin.

Á fundinum lá fyrir ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 sem og starfskjarastefna.

Formaður stjórnar Erna Gísladóttir setti fundinn og fundurinn kaus Kristínu Edwald, hrl. sem fundarstjóra og Ásdísi Kjerúlf, hdl. sem fundarritara.

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins og lýsti hann löglegan að því búnu, þar sem fundurinn var boðaður með löglegum fyrirvara auk þess sem mættir voru eigendur samtals 33.155.000 hluta í félaginu. Það er fulltrúar eigenda 77,0341 % hlutafjár.

Að því búnu óskaði fundarstjóri eftir samþykki fundarins til að gera breytingar á röð dagskrárliða. Til hagræðis var stungið upp á því að dagskrárliður nr. 7 yrði færður frammar þannig að gengið yrði til stjórnarkjörs strax á eftir dagskrárlið nr. 2. Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt.

Var þá gengið til dagskrár.

### 1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2018

Erna Gísladóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar. Erna fór yfir helstu atburði í sögu félagsins árið 2018.

Erna greindi frá því að rekstur félagsins hafi verið með ágætum árið 2018. Afkoma váttryggingarekstrar hafi styrkst áfram og vegið upp á móti tapi af fjárfestingarstarfsemi. Afkoma af fjárfestingarstarfsemi

hafi verið undir væntingum en aðstæður á markaði voru óhagstæðar. Erna benti á að fjárfestingareignir væru traustar og vel dreifðar. Erna kvað félagið hafa keypt eigin bréf að nafnvirði 35,6 m.kr. á grundvelli endurkaupaáætlunar sem var samþykkt á aðalfundi félagsins 2018. Hún benti á að fyrir fundinum lægi tillaga um breytingar á samþykktum um lækun hlutfjár félagsins til jöfnunar eigin hluta í samræmi við markmið endurkaupanna auk þess sem stjórnin leitaði eftir nýrri heimild aðalfundar fyrir kaupum á allt að 138 milljón eigin hlutum með framkvæmd endurkaupaáætlunar á árinu 2019. Greint var frá því að stjórnin legði til að greiddur yrði út arður kr. 0,47 á hlut eða um 650 milljónir fyrir árið 2018. Erna benti á að félagið yrði eftir sem áður fjárhagslega sterkt með gjaldþolshlutfall 1,49 eftir fyrirhugaða arðgreiðslu, sem væri vel yfir þeim viðmiðum sem sett hafa verið um fjárhagsstöðu Sjóvá, stöðugleika í rekstri og áhættuvilja stjórnar. Erna greindi frá því að hluthafahópur Sjóvár hefði talið 983 hluthafa í febrúar s.l. og að þá hefðu erlendir aðilar og sjóðir átt um 14% í félaginu. Nokkur viðskipti hefðu verið með hlutabréf Sjóvár líkt og áður og voru nýir hluthafar boðnir velkomnir.

Erna kvað starfsemi Sjóvár hafa tekið stakkaskiptum á undanförunum misserum og að framundan væru umfangsmiklar breytingar. Kröfur um gott aðgengi að vörum og þjónustu á netinu og rafræn samskipti á netinu ýttu undir stafræna þróun í nútíð og framtíð. Alltaf þyrfti að hafa það að leiðarljósi að viðskiptavinir upplifi framúrskarandi þjónustu. Greint var frá því að Sjóvá hefði sett í loftið sölu og ráðgjöf í líf- og sjúkdómatryggingum með rafrænum hætti sem hefði fengið góðar viðtökur og sannað gildi sitt. Þá var bent á að rafræn skráning tjóna hefði aukist og stæði sú lausn undir væntingum um að auðvelda viðskiptavinum ferlið og bæta þjónustuna. Erna kvað það hafa verið gaman að fylgjast með og taka þátt í þróun félagsins þau ár sem hún hafi setið í stjórn þess. Margt hafi breyst á þeim tíma en þó byggji starfsemin á þeim mikla styrk sem felst í áratuga reynslu og sérþekkingu starfsfólks á tryggingamarkaðinum, vilja til að þróast og styrkjast með samfélaginu og aðlaga rekstur og þjónustuframboð til að svara kalli neitenda. Árið sem Erna tók við formennsku stjórnar var stærsti hluti ríkisins í félaginu seldur þeim langtíma kjölfestufjárfestum sem hafa fylgt félaginu í gegnum endanlega ríkishluta, skráningu félagsins á markað og styrkingu innviða og rekstrar. Erna fór yfir þá staðreynd að miklar breytingar hefðu orðið á regluverki tryggingafélaga, flestar byggðar á alþjóðlegum tilskipunum. Benti hún á að slík innleiðing kallaði oft á íþyngjandi ráðstafanir af hálfu eftirlitsskyldra aðila eins og Sjóvár. Benti hún á að kostnaður vegna þessa hafi aukist mikið og að eftirlitið mætti ekki vera svo mikið að umfangi að það leiddi til hærri iðgjalda og lakari samkeppnisstöðu.

Erna sagði frá því að með ráðningu forstjóra árið 2011 hafi hafist nýtt skeið hjá félaginu. Endurskipulagning og sókn félagsins hafi tekist mjög vel. Unnið hafi verið eftir skýrri og vel markaðri stefnu um aukna hagkvæmni í rekstri og aukið virði þjónustunnar og hafi allt starfsfólk tekið virkan þátt í stefnumótunarvinnunni. Erna greindi frá því að stjórninni hefði fundist aðdáunarvert hve viðhorf til breytinga er jákvætt og sameiginlegur skilningur starfsfólks á því að aðlaga þurfi reksturinn að breyttu samfélagi. Bent var á að Sjóvá hefði á 100 ára afmælisári starfseminnar verið valið fyrirtæki ársins í vinnumarkaðskönnun VR og væri nú efst tryggingafélaga í íslensku ánægjuvöginni í annað sinn frá því að mælingar hennar hófust fyrir um tveimur áratugum. Þá standi váttryggingareksturinn styrkari fótum en áður, ánægja viðskiptavina hafi aukist sem og starfsánægja en þessir þættir haldist í hendur.

Erna sagi það hafa verið gaman og gefandi að taka þátt í endurreisn Sjóvár og taldi félagið eiga bjarta framtíð fyrir höndum. Erna vildi þakka Kristínu Egilsdóttur fyrir störf í endurskoðunarnefnd félagsins og Tómasi Kristjánssyni fyrir störf í stjórn félagsins. Ernu var efst í huga þakklæti til Hermanns forstjóra, starfsfólks og framkvæmdastjórnar fyrir góð störf, til samstjórnarmanna fyrir afar farsælt samstarf sem

aldrei hafi borið skugga á og til viðskiptavina fyrir tryggð þeirra við félagið. Erna óskaði nýrri stjórn velfarnaðar á þeim spennandi tímum sem væru framundan á váttryggingamarkaði.

## 2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2018 lagðir fram til samþykktar

Hermann Björnsson forstjóri félagsins fór yfir ársreikning félagsins, stöðu þess á markaði og það sem hæst bar á árinu.

Hermann sagði frá því að váttryggingarekstur hafi haldið áfram að styrkjast á milli ára þrátt fyrir að liðið ár hafi verið sérlega þungt af stærri tjónum. Markviss iðgjaldavöxtur samhliða agaðri iðgjaldasetningu hafi skilaði 97,4% samsettu hlutfalli samanborið við 99,4% árið 2017 sem væri sérstaklega ánægjuleg niðurstaða í krefjandi aðstæðum á váttryggingamarkaði á árinu. Þannig hafi góð afkoma af váttryggingarekstri vegið upp á móti afkomu af fjárfestingarstarfsemi. Hermann greindi frá því að eigin iðgjöld hafi aukist umfram eigin tjón á árinu 2018 sem væri afar jákvæð þróun sem hafi átt sér stað undanfarin tvö ár og renni styrkum stoðum undir bættan váttryggingarekstur. Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta væri 1.631 m.kr. árið 2018 sem er 41% aukning frá fyrra ári þegar hagnaðurinn var 1.158 m.kr. en það ár hafði hagnaður af váttryggingastarfsemi hækkað um 79%. Afkoma af fjárfestingarstarfsemi drægi niður heildarafkomu ársins 2018 og væri töluvert undir væntingum á árinu. Afkoma af fjárfestingarstarfsemi hafi verið neikvæð um 679 m.kr. á árinu. Hermann kvað það ánægjulegt að váttryggingareksturinn hafi skilað bættri afkomu við þessar aðstæður. Markmið stjórnenda væru áfram þau að váttryggingarekstur til lengri tíma skili 95% samsettu hlutfalli að jafnaði og í birtum horfum fyrir þetta ár væri reiknað með því samsett hlutfall yrði um 95%. Hermann kvað rekstur Sjóvár standa á traustum grunni og að áframhaldandi heilbrigður iðgjaldavöxtur, öflugt áhættumat og forvarnir muni styrkja reksturinn enn frekar. Gjaldþolshlutfallið væri sterkt og vel yfir viðmiðunarmörkum og innan áhættuvilja stjórnar.

Hermann fór yfir helstu viðburði í starfsemi félagsins árið 2018. Greindi hann frá því að Sjóvá hafi verið efst tryggingafélagi í íslensku ánægjuvuginni og að starfsandi hjá félaginu og helgun væri með því hæsta á landsvísu. Hermann kvað mikil verðmæti liggja í ánægju viðskiptavina og starfsmanna í þjónustufyrirtæki líkt og Sjóvá. Þar lægi lykillinn að árangri og aðgreiningu á markaði. Hermann var ekki í vafa um að styrkur félagsins í framlínu og þjónustu hafi undirbyggt þann jákvæða iðgjaldavöxt sem náðist á árinu. Hermann greindi frá því að mikið væri lagt upp úr forvarnarstarfi og hefðu starfsmenn félagsins fundað með ólíkum faghópum undanfarin ár og deilt þekkingu og reynslu af þeim tjónum sem henda hverju sinni auk þess sem þekkingar hafi verið aflað frá þessum sömu fagaðilum. Hermann sagði að hann teldi helstu áskoranir og tækifæri félagsins felast í þéttni og öflugu samstarfi með viðskiptavinum í þeim tilgangi að fækka tjónum. Það væri allra hagur. Hermann greindi frá því að í upphafi árs hafi félagið ráðið til sín erlendan ráðgjafa í þeim tilgangi að varða leiðina í stafrænni þjónustu til næstu tveggja ára og að þegar hefðu verið stigin mikilvæg skref samkvæmt þessari áætlun. Undir lok árs hefði félagið hafið, fyrst íslenskra tryggingafélaga, sölu og ráðgjöf á líf- og sjúkdómatryggingum sem færi alfarið fram á netinu. Þannig hefðu opnast nýjar leiðir í sölu, markaðssetningu og samtali við viðskiptavini sem þróaðar verði áfram á næstunni. Hermann sagði að með aukinni tækni gæfust tækifæri til betri þjónustu og vöruframboðs en að félagið muni leggja áherslu á að viðskiptavinurinn geti notið þjónustu félagsins með þeim hætti sem hann kjósi og að tæknin væri notuð til honum til hagsbóta sem og til þess að auðvelda starfsmönnum vinnuna. Benti Hermann á að Sjóvá hefði verið að skapa sér aukna sérstöðu með betri samskiptum, frábærum starfsanda og ástríðu sem smíti út frá sér til viðskiptavina. Aukin sjálfvirkni og innleiðing á nýrri tækni muni auðvelda okkur lífið og opna alveg ný tækifæri í samskiptum. Árangurinn liggir þó ekki eingöngu í betri kerfislausnum

heldur fyrst og fremst í því mannlega, í viðmótinu og gæðum þjónustunnar. Kerfi og stafrænar lausnir muni auðvelda félaginu lífið en þar mun aðgreiningin ein og sér ekki liggja.

Hermann sagði frá því að verulegar breytingar á stjórn félagsins myndu eiga sér stað með brotthvarfi þeirra Ernu Gísladóttur formanns stjórnar og Tómasar Kristjánssonar, varaformanns. Vildi Hermann persónulega og fyrir hönd Sjóvár þakka þeim af heilum hug fyrir frábært samstarf í alla staði sem bæði hann og félagið hefði notið góðs af. Hann þakkaði einnig allri stjórninni fyrir afar gott samstarf. Starfsfólki þakkaði hann samstarfið og metnaðinn til að gera vel í starfi og þjónustu við góða viðskiptavinum félagsins sem hann þakkaði viðskiptin á árinu og tryggð við Sjóvá.

Þá vék Hermann að samstæðuársreikningi Sjóvár-Almennra trygginga fyrir árið 2018 sem var staðfestur af stjórn og forstjóra þann 15. febrúar s.l. Hermann greindi frá því að KMPG hefði staðfest að það teldi að samstæðuársreikningurinn gæfi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar (Sjóvá og dótturfélag þess) þann 31. desember 2018 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

#### Rekstrarreikningur

Hermann greindi frá því að iðgjöld ársins 2018 hefðu verið 18,2 m.kr. og hækkað um 10,8% á milli ára. Fjárfestingatekjur hefðu verið 819.180 milljónir og töluvert undir væntingum. Eigin tjón námu rúmum 13 m.kr. samanborðið við tæpa 12 m.kr. árið áður og hækkuðu því um 10% á milli ára. Tjónahlutfall hækkaði um 3,3% milli ára. Rekstrarkostnaður 2018 hefði verið 4,1 m.kr. samanborðið við 3,9 m.kr. árið 2017. Heildargjöld námu 17,2 m.kr. Hagnaður félagsins 2018 væri 952 milljónir fyrir tekjuskatt og 652 milljónir eftir skatta.

#### Efnahagsreikningur

Þá fór Hermann yfir efnahagsreikning félagsins. Heildareignir félagsins nema tæpum 44,2 m.kr. Rekstrarfjármunir 2018, 478.355 milljónir. Óefnislegar eignir lækkuðu í 2,8 milljónir en voru 18,2 milljónir. Verðbréf félagsins lækkuðu í 31,3 m.kr. úr 32 m.kr. Benti Hermann á skýringar á bls. 17 og 18 í ársreikningi. Hermann kvað endurtryggingaeignir hafa hækkað í 1,5 m.kr. úr 792 milljónum. Viðskiptakröfur hækkuðu á milli ára og nema nú 5.4 m.kr. auk þess sem haldbært fé hækkar í 1,3 m.kr. úr 950 milljónum kr. Hermann benti á að eigið fé næmi 13,8 m.kr. 2018 og benti síðan á skýringu 23 í þessu sambandi. Hann sagði gjaldþolshlutfallið 1,49 eftir fyrirhugaða arðgreiðslu. Bent var á að váttryggingaskuld félagsins hækkaði á milli ára um tæpa 2,3 m.kr. Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu lækkaði um 239 milljónir og viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir hækkuðu um 137 milljónir á milli ára. Vísað var til skýringar nr. 3 um reikningshaldslegt mat og ákvarðanir. Þá vísaði Hermann til skýringa nr. 27-34 um áhættustýringu félagsins.

Að því búnu opnaði fundarstjóri fyrir umræður og spurningar til Ernu og Hermanns um tvo fyrstu dagskrárliði aðalfundar.

Engar frekari spurningar bárust og þá var ársreikningurinn borinn upp til atkvæða og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

#### 7. Kosning stjórnar félagsins

Þá var dagskrárliður nr. 7 tekinn fyrir á undan dagskrárlið nr. 3, líkt og fundurinn samþykkti í upphafi.

Í framboði til aðalstjórnar félagsins voru eftirtaldir:

- Björgólfur Jóhannsson kt. 280855-3409, Hólatúni 2, 600 Akureyri.
- Heimir V. Haraldsson, kt. 220455-5999, Hesthömrum 20, 112 Reykjavík,
- Helga Sigríður Böðvarsdóttir, kt. 040568-3019, Rúgakri 1, 210 Garðabæ
- Hildur Árnadóttir, kt. 040866-3459, Funafold 87, 112 Reykjavík.
- Hjördís E Harðardóttir, kt. 180464-5819, Laugarásvegi 42, Reykjavík
- Ingi Jóhann Guðmundsson, kt. 120169-5729, Mávanesi 25, Garðabæ

Í framboði til varamennsku í stjórn:

- Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969, Valhúsabraut 25, 170 Seltjarnarnesi,
- Garðar Gíslason, kt. 191066-5539, Smáraflöt 42, 210 Garðabæ.

Fundastjóri fór yfir fyrirkomulag kosninganna. Hún beindi þess til fundarins að setja prósentutölurnar á atkvæðaseðilinn þar sem það væri til mikils hagræðis við talninguna. Fundarstjóri tók fram að jafnvel þótt menn kysu að gera það ekki þá væru atkvæðin samt sem áður gild.

Að lokinni kosningu var atkvæðaseðlum safnað saman til talningar.

Þá var gengið til þriðja dagskrárliðar.

### 3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

Fundarstjóri fór yfir tillögu stjórnar félagsins um að greiddur yrði arður kr. 0,47 á hlut fyrir rekstrarárið 2018 eða um 650 milljónir kr. Arðsákvörðunardagur yrði 15. mars 2019 og þar af leiðandi ættu skráðir hluthafar í lok dags 19. mars 2019, sem teldist arðsréttindadagur, rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag yrði 18. mars 2019. Sami dagur yrði arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs yrði 28. mars 2019.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins lögð fram.

Fundarstjóri greindi frá því að stjórn félagsins hefði lagt fram starfskjarastefnu sem stjórnin legði til að yrði samþykkt. Starfskjarastefnan er óbreytt frá því sem samþykkt var á síðasta aðalfundi.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

### 5. Tillaga um lækkun hlutafár vegna kaupa á eigin hlutum

Kynnt var neðangreind tillaga stjórnar félagsins um lækkun á hlutfé félagsins:

*„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 15. mars 2019 samþykkir að hlutafé félagsins verði, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, lækkað um kr. 35.620.429 að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með úr kr. 1.424.817.192 að nafnverði í 1.389.196.763 kr. að nafnverði.“*

Vísað var til greinargerðar stjórnar um tillöguna.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar félagsins til breytinga á samþykktum félagsins:

**Tillaga:** Verði tillaga skv. dagskrárlið 5 um lækkun hlutafjár samþykkt þá leggur stjórn til eftirfarandi breytingu á 4. gr. samþykktu félagsins en samkvæmt henni verður fjárhæð hlutafjár breytt til samræmis í samþykktum félagsins, þannig að 4. gr. orðist eftirleiðis svo:

*„Hlutfé félagsins er kr. 1.389.196.763 – einn milljarður þrjú hundruð áttatíu og níu milljónir eitt hundruð níutíu og sex þúsund sjö hundruð sextíu og þrjár krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.“*

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 8. Kosning endurskoðenda/endurskoðunarfélags

Þar sem fimm ára kjörtímabili KPMG er ekki lokið var það tillaga stjórnar að kjör endurskoðanda færi ekki fram að þessu sinni.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Fundarstjóri greindi frá því að ekki lægi fyrir tillaga um kosningu nefndarmanna í tilnefningarnefnd þar sem nefndin var kjörin á hluthafafundi 26. október 2018 fram að aðalfundi 2020.

## 10. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar

Lagt var til að stjórnarlausn yrðu hækkuð úr kr. 350.000 í kr. 370.000 á mánuði og að laun stjórnarformanns yrðu tvöföld stjórnarlausn eða kr. 740.000. Hvorum varamanni yrði greidd eingreiðsla kr. 370.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 127.000 fyrir hvern fund sem hann sæti.

Fundarstjóri sagði frá því að tilnefningarnefnd hafi verið kjörin á hluthafafundi þann 26. október 2018 og að þar hafi verið samþykkt tillaga um þóknun nefndarinnar. Hér væri lagt til að þóknunin yrði óbreytt, kr. 90.000 fyrir hvern fund og tvöföld þóknun fyrir formann.

Undir þessum lið óskaði formaður stjórnar félagsins, Erna Gísladóttir, eftir því að taka til máls. Það er um seinni hluta tillögunnar varðandi þóknun tilnefningarnefndar. Í stuttu máli lagði hún til að þessum hluta yrði vísað til stjórnar sem myndi taka ákvörðun um laun nefndarinnar síðar, að teknu tilliti til umfangs og eðli starfans, líkt og gert hefur verið í tengslum við störf endurskoðunarnefndar.

Engar frekari umræður urðu um breytingartillöguna. Fundarstjóri bar breytingartillöguna fyrst undir fundinn og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Að því búnu bar fundarstjóri tillögu um þóknun stjórnar og tilnefningarnefndar upp í heild með breytingum.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 11. Tillaga um heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum

Stjórn félagsins lagði til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu, sbr. eftirfarandi:

Stjórn félagsins leggur til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Samkvæmt 9. gr. samþykktá félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir:

*Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 15. mars 2019 veitir stjórn félagsins heimild, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, til að kaupa allt að 138.919.676 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útbóðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.*

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri gerði nú stutt hlé á meðan beðið var eftir niðurstöðum stjórnarkjörs.

## 7. Kosning stjórnar félagsins frh.

Dagskrárlið nr. 7 var framhaldið. Greindi fundarstjóri frá því að eftirtaldir aðilar hefðu verið réttkjörnir í stjórn félagsins:

- Björgólfur Jóhannsson
- Heimir V. Haraldsson
- Hildur Árnadóttir
- Hjördís E Harðardóttir
- Ingi Jóhann Guðmundsson

Pau Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason voru sjálfkjörin sem varamenn í stjórn.

Óskaði fundarstjóri stjórnarmönnum til hamingju með kosninguna.

## 12. Önnur mál.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls undir þessum dagskrárlið en enginn þáði það boð.

Að lokum fól fundarstjóri fundarritara að ganga frá fundargerð en skv. 15. gr. samþykktá félagsins skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðina og hluthafar eiga aðgang að staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund.


Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16

Fundarstjóri:



Kristín Edwald, hrl.

Fundarritari:



Ásdís Kjerulf, hdl.